

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar

Ársskýrsla 2020



Akureyrarbær

Efnisyfirlit

1	Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar	1
1.1	Nefndir og ráð.....	2
1.2	Skipurit fjölskyldusviðs	2
1.3	Starfsfólk	3
2	Útgjöld 2020 og helstu lykiltölur	4
3	Barnavernd	5
4	Félagsþjónusta	9
4.1	Félagsleg ráðgjöf	9
4.2	Úrræði í félagsþjónustu	11
5	Þjónustudeild	22
6	Önnur starfsemi sviðsins.....	23
7	Skógarlundur	24
8	Plastiðjan Bjarg – Iðjúlundur	26

1 Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar veitir fjölbreytta ráðgjafarþjónustu á sviði barnaverndar, almennrar og sértækrar félagsþjónustu (málaflokkur fatlaðra). Þjónustusvæðið er auk Akureyrar; Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Gerður hefur verið þjónustusamningur í málaflokki fatlaðra á milli þessara sveitarfélaga sem unnið er eftir en skv. samningum er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á rekstri allrar þjónustu í málaflokknum. Einnig er unnið eftir samningum um ráðgjafarþjónustu við sveitarfélögin en skv. þeim sinnir fjölskyldusvið ráðgjafarþjónustu í barnavernd og almennri félagsþjónustu. Samstarf er á milli þessara sveitarfélaga um barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Undir sviðið heyra tveir vinnustaðir í málaflokki fatlaðra, Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur (PBI) og Skógarlundur.

Fjölskyldusvið leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

Árið 2020 var líkt og hjá öllum öðrum landsmönnum, stofnunum og fyrirtækjum frábrugðið öðrum árum vegna farsóttarinnar. Starfsfólki var á tímabili ýmist skipt upp í tvö eða fjögur sóttvarnarhólf. Það þýddi að starfsfólk þurfti að vinna að heiman þá daga sem það gat ekki verið á sinni starfsstöð. Í heimavinnunni reyndi á sveigjanleika og útsjónarsemi starfsfólks, bæði við að koma sér upp vinnuáðstöðu heima fyrir og við að eiga samskipti við skjólstæðinga sem undir venjulegum kringumstæðum mæta í Glerárgötuna í viðtöl. Ráðgjafar sviðsins notuðust við fjarfundaforritið Kara Connect en starfsmenn notuðu ýmist Microsoft Teams eða Zoom til að eiga samskipti sín á milli og við aðrar stofnanir.

Tæknileg framþróun tók einnig stórt stökk hvað varðar rafræna þjónustu við notendur fjölskyldusviðs og er nú hægt að sækja um ýmsa þjónustu á Þjónustugátt Akureyrarbæjar sem ekki var hægt fyrir heimsfaraldur.

Á vormánuðum 2020 hófst undirbúningsvinna við sameiningu búsetusviðs og fjölskyldusviðs og um áramótin 2020 og 2021 tók til starfa nýtt og sameinað velferðarsvið.

Starfsemi sviðsins skiptist í eftirfarandi þjónustubætti:

- Barnavernd
- Félagsþjónusta, almenn og sértæk
- Þjónustudeild
- Starfsþjálfun og vernduð vinna - PBI
- Skógarlundur – miðstöð hæfingar og virkni

1.1 Nefndir og ráð


Barnaverndarnefnd

Júlí Ósk Antonsdóttir formaður
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Elisabeth J. Zitterbart
Hjalti Ómar Ágústsson
Maron Pétursson

Velferðarráð

Heimir Haraldsson (S) formaður
Róbert Freyr Jónsson (L) varaformaður
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir (B)
Lára Halldóra Eiríksdóttir (D)
Hermann Ingi Arason (V)
Sigrún Briem (M) áheyrnarfulltrúi

1.2 Skipurit fjölskyldusviðs



1.3 Starfsfólk

Í árslok 2020 voru 25 starfsmenn á skrifstofu sviðsins í 21,85 stöðugildum sem er nánast á pari við árið 2019. Magnús Valur Axelsson hætti störfum sem húsnæðisfulltrúi sviðsins og var Pálína Ásbjörnsdóttir ráðin í hans stað.

Í Skógarlundi voru 17 starfsmenn í 14,27 stöðugildum og á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi voru 14 fastir starfsmenn í 11,5 stöðugildum.

Nýtt fólk er boðið velkomið til starfa og þeim sem kvöddu á árinu eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í árslok 2020 voru stöðugildi á fjölskyldusviði eftirfarandi:

	Stöðugildi 31.12.2019	Stöðugildi 31.12.2020
Guðrún Ólafía Sigurðardóttir <i>sviðsstjóri</i>	1,0	1,0
Halldóra K. Hauksdóttir <i>lögfræðingur</i>	0,9	0,9
Samtals	1,9	Samtals 1,9
Barnavernd		
Vilborg Þórarinsdóttir <i>félagsráðgjafi</i> , forstöðumaður barnaverndar	1,0	1,0
Hafðís Erla Jóhannsdóttir <i>Rist félagsráðgjafi</i>	0,9	0,9
Harpa Ágústsdóttir <i>uppeldisráðgjafi</i>	1,0	1,0
Jóhanna Hjartardóttir <i>félagsráðgjafi</i>	0,9	0,9
Katrín Árnadóttir <i>félagsráðgjafi</i>	0,9	0,9
Ottó Karl Tulinius <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	1,0
Þórdís Gísladóttir <i>ráðgjafi</i>	1,0	1,0
Samtals	6,7	Samtals 6,7
Félagsþjónusta		
Anna Marit Nielsdóttir <i>félagsráðgjafi</i> , forstöðumaður félagsþjónustu	1,0	1,0
Anna Hildur Guðmundsdóttir, <i>áfengis- og vímuefnaráðgjafi</i>	0,8	0,8
Anna Sigríður Jónsdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	1,0
Fanney Jónsdóttir <i>ráðgjafi í málefnum fatlaðra</i>	0,9	0,9
Gyða Björk Ólafsdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	1,0
Helga Alfreðsdóttir <i>ráðgjafarþroskaþjálfari</i>	0,8	0,8
Katrín Reimarsdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	1,0	
Magnús Valur Axelsson <i>húsnæðisfulltrúi</i>	1,0	
Pálína Ásbjörnsdóttir <i>húsnæðisfulltrúi</i>		1,0
Selma Heimisdóttir <i>félagsráðgjafi</i>	0,9	0,9
Þórhildur G. Kristjánsdóttir <i>ráðgjafarþroskaþjálfari</i>	0,9	0,9
Zane Brikovska <i>ráðgjafi, Alþjóðastofa</i>		0,7
Eva María Ingvadóttir <i>ráðgjafi, Alþjóðastofa (Tímav.starfsm.)</i>	0	0
Samtals	9,3	Samtals 9,0
Þjónustudeild		
Elínborg Sigríður Freysdóttir <i>ráðgjafi í Öskjunni</i>	0,75	0,75
Gyða Björk Aradóttir <i>ráðgjafi í Öskjunni</i>	0,5	0,75
Kristín Birna Kristjánsdóttir <i>sérfræðingur á skrifstofu</i>	1,0	1,0
Sólveig Eiríksdóttir <i>skrifstofustjóri</i>	1,0	1,0
Steinunn Benna Hreiðarsdóttir <i>deildarfulltrúi</i>	0,75	0,75
Samtals	4,0	Samtals 4,25
Samtals stöðug.	21,9	Samtals stöðug. 21,8

2 Útgjöld 2020 og helstu lykiltölur

Samanburður á útgjaldaliðum frá 2018 - 2020 á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum			
	2018	2019	2020
Skrifstofa fjölskyldusviðs	214.397	255.803	272.931
Fjárhagsaðstoð	120.389	153.686	156.190
Tilsjónarmenn	1.468	6.479	11.242
Askjan - fjölskyldustuðningur	9.750	10.572	12.284
Vistun á stofn. og heimilum	86.589	92.046	132.282
Styrkir til náms og tækjakaupa	1.450	446	1.344
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur	76.926	79.518	80.514
Skógarlundur	143.733	153.646	167.446
Sérstakur húsnæðisstuðningur	74.989	81.459	76.185

Tafla 1 - Skipting fjármagns

Ýmsar lykiltölur á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum			
	2018	2019	2020
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	554	613	598
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	305	340	397
Málafjöldi í Öskjunni	52	57	55
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	318	319	323
Fjöldi styrkþega sérstaks húsnæðisstuðnings	344	374	372
Heildarfjöldi leiguíbúða	342	342	338
Fjöldi úthlutaðra leiguíbúða á árinu	43	45	47
Fjöldi fatlaðra barna í þjónustu	171	172	170
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	45	47	53
Skógarlundur - fjöldi þjónustutíma	44.378	40.068	37.934
Skógarlundur - heildarfjöldi notenda	49	44	44
Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur - fjöldi þjónustutíma	28.115	26.659	24.619
Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur - heildarfjöldi notenda	55	57	47

Tafla 2 - Ýmsar lykiltölur í starfsemi fjölskyldusviðs

3 Barnavernd


Barnavernd starfar samkvæmt 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem á að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Verkefni starfsmanna barnaverndar eru fjölbreytt en starfsmenn bera ábyrgð á allri grunnvinnu í barnaverndarmálum á grundvelli barnaverndarlaga. Í því felst að taka við tilkynningum, taka ákvörðun um könnun, kanna mál, gera áætlanir, koma með viðeigandi stuðningsúrræði eða sjá til þess að beitt verði öðrum úrræðum. Þegar barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að heilsu eða þroska barns sé hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða eigin hegðunar á hún að kanna málið án tafar og beita þeim úrræðum sem þarf til að ráða viðunandi bót á. Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Allar ákvarðanir um úrskurði eða þvingun af einhverju tagi á grundvelli barnaverndarlaga eru teknar af barnaverndarnefnd og starfsmenn barnaverndar bera ábyrgð á að framfylgja þeim. Starfsmenn barnaverndar bera ábyrgð á vistunum barna á einkaheimilum eða í fóstri til skemmri eða lengri tíma á grundvelli barnaverndarlaga. Einnig er það í hlutverki starfsmanna nefndarinnar að sækja um og fylgja börnum eftir í greiningar- og meðferðarvistun á vegum Barnaverndarstofu og aðra sérhæfða meðferð á þeirra vegum. Þá gefa starfsmenn í umboði barnaverndarnefndarinnar umsagnir vegna umsókna um fósturleyfi, starfsleyfis stofnana vegna sólarhringsvistana barna og til forsamþykkis í ættleiðingarmálum. Starfsmenn bera þar að auki ábyrgð á úrræðum á vegum barnaverndar, s.s. starfi tilsjónar, stuðningsfjölskyldu og persónulegra ráðgjafa.

Á árinu 2020 var tekið við 598 barnaverndartilkynningum. Könnun var hafin að frumkvæði nefndarinnar sjálf 14 sinnum á árinu. Er það svipaður fjöldi tilkynninga og 2019 þegar nefndinni bárust 613 tilkynningar og ákvörðun um könnun að frumkvæði nefndarinnar áttu sér stað í sex skipti. Fjöldi barna sem hafa verið til könnunar og meðferðar hjá nefndinni á árinu er töluvert meiri en árinu á undan eins og sjá má á mynd 1 og hafa afskipti af börnum á grunni barnaverndarlaga vaxið gífurlega á síðustu tveimur árum. Til samanburðar þá voru afskipti af 338 börnum árið 2019 en á árinu 2020 var fjöldinn kominn í 397 börn. Það má leiða líkum að því að ástandið vegna Covid – 19 faraldursins hafi sitt að segja um aukninguna á milli árána 2019 og 2020 en að auki virðast aðstæður barna hafa farið versnandi á síðustu árum sem endurspeglar aukna þörf á afskiptum af börnum á grunni barnaverndarlaga. Til þess að mæta þessari miklu aukningu var félagsráðgjafi ráðinn tímabundið í 80% starfshlutfall.

Aldur og kyn barna 2018-2020						
	2018		2019		2020	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
0 - 5 ára	87	58	92	73	101	80
6 - 10 ára	31	31	42	35	58	37
11 - 14 ára	31	24	31	24	31	37
15 - 18 ára	19	21	14	25	24	24
18 - 20 ára	2	1	0	2	0	4
Samtals drengir/stúlkur	170	135	179	159	214	182
Samtals	305		338		396	

Tafla 3 – Aldur og kyn barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árin 2018-2020

Eins og áður eru flest börn sem fjallað er um á grunni barnaverndarlaga á aldrinum fimm ára og yngri og tilkynnt er um fleiri drengi en stúlkur. Í töflu 3 má glögglega sjá áberandi fjölda yngstu barnanna, eða 181 barn af 397 og er þar með talin ein tilkynning vegna ófæddis barns. Tafla 3 sýnir einnig að afskiptum af börnum fækkar eftir því sem þau verða eldri.



Mynd 1 – Aðilar og stofnanir sem tilkynna til barnaverndar

Það sem helst vekur athygli á mynd 1 er fjölgun tilkynnenda í flokki nágranna og ættingja. Það kemur þó heim og saman við það sem hefur gerst á landsvísu á Covid tímum. Þá dró aðeins úr tilkynningum frá lögreglu og athygli vekur einnig að færri tilkynningar berast frá skólum og sérfræðipjónustu skóla frá árinu á undan.

Heldur fjölgaði tilkynningum í flokknum vanrækslu foreldra á árinu 2020 miðað árið 2019 en eins og áður er oftast tilkynnt um vanrækslu foreldra. Á árinu var fjöldi tilkynninga í þeim flokki 299 af 598 tilkynningum eins og sjá má í töflu 4. Þess ber einnig að geta að af þessum 299 tilkynningum varða flestar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra eða 208 talsins, sem telur til tæplegra 35% af heildarfjölda tilkynninga. Að sama skapi fækkar nokkuð aftur í tilkynningum er varða áhættu hegðun barns en tilkynningum um ofbeldi gagnvart börnum stendur nokkurn vegin í stað.

Ástæður barnaverndartilkynninga 2018-2020			
	2018	2019	2020
Vanræksla	280	245	299
Ofbeldi	127	145	137
Áhættu hegðun barns	135	221	161
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	12	2	1
Samtals	554	613	598

Tafla 4 – Ástæður þess að tilkynnt er til barnaverndar

Stuðningsfjölskyldur

Samkvæmt 85. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Markmið stuðningsins er meðal annars að styrkja stuðningsnet barna og veita þeim öryggi, létta álagi af börnum og fjölskyldum þeirra og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfellt en yfirleitt dvelja börn eina til tvær helgar í mánuði hjá stuðningsfjölskyldum sínum. Í lok ársins höfðu 15 börn stuðningsfjölskyldu á vegum barnaverndar.

Fóstur og aðrar vistanir

Með fóstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjá mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar: tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi aðstæður þess hjá foreldrum. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bættar á annan hátt. Hægt er að framlengja fósturráðstöfun barns sem er í fóstri til 18 ára aldurs til 20 ára aldurs.

Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og er þá um að ræða sérstaka umönnun og þjálfun barns á fósturheimili í takmarkaðan tíma, að hámarki tvö ár.

Samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði svo sem vistheimili til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum. Samningur er við þrjú einkaheimili sem þjóna þessum tilgangi.

Í árslok voru 23 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar, sami fjöldi og var í varanlegu fóstri í árslok 2019. Þar af voru þrjú börn í varanlegu fóstri eftir 18 ára aldur. Þá voru átta börn í tímabundnu fóstri í lok ársins, þar af eitt í styrktu fóstri og sjö börn í tímabundinni vistun á grunni 84. gr. barnaverndarlaga.

Þá fóru á árinu eitt barn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla og að sama skapi var eitt barn vistað þar í neyðarvistun sem er töluverð fækkun frá síðasta ári. Ekkert barn dvaldi á langtímameðferðarheimili á árinu.

Mikil fjölgun var í vistunum á einkaheimilum þetta árið eða 15 börn og var dvalartími þeirra þar mislangur eða allt að tveir mánuðir. Af þeim voru tvö börn vistuð á einkaheimili í kjölfar úrskurðar á grunni 27. gr. barnaverndarlaga.

Bakvakt

Vegna barnaverndarmála er starfrækt bakvakt á þjónustusvæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst til bakvaktar er metið hvort þörf sé á tafarlausri aðstoð eða hvort málið megi bíða næsta virka dag. Neyðarlínan 112 tekur við tilkynningum samkvæmt samningi við barnaverndarnefndir landsins utan skrifstofutíma, forgangsraðar erindum, skráir helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar. Beiðni um aðkomu bakvaktar barnaverndar getur einnig komið til með öðrum leiðum, s.s. í gegnum lögreglu.

Sveitarfélög

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrannasveitarfélögin: Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Af 397 börnum sem nefndin hafði afskipti af á árinu, komu 374 frá Akureyri, en 23 frá hinum sveitarfélögum fjórum.

Samstarfsaðilar og helstu verkefni

Barnaverndarstarfsmenn eru í faglegu samstarfi við grunnskólana í umdæmi barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og sátu nemendaverndarráðsfunði reglulega á þessu ári eins og áður. Tengiliður frá barnavernd er við hvern skóla og flesta leikskóla sem hefur reynst vel. Fundað var mánaðarlega með geðdeild SAK og á starfsmaður barnaverndar setu í fagteymi á HSN. Reglulegt samráð hefur einnig verið við barnadeild SAK og BUG-teymi sjúkrahússins. Starfsmenn barnaverndar hafa verið í góðu samstarfi við skólaþjónustu á fræðslusviði og áfram hefur verið lögð sérstök áhersla á meira og þéttara samstarf starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar á árinu.

Verkefnið „Meðan glugginn er opinn“ er samstarfsverkefni lögreglunnar, barnaverndar og félagsþjónustu um viðbrögð við heimilisofbeldi. Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2015 þegar því var komið á sem tilraunarverkefni. Samstarfsaðilar funda alla jafna tvisvar á ári en vegna Covid náðist eingöngu að funda einu sinni á árinu og kom þá fram almenn ánægja með eflingu samstarfs og gagnsemi verklagsins. Mál 13 barna voru unnin á grunni verklagsins á árinu 2019 en voru níu árið áður.

Skólasmiðjan kemur til móts við þarfir unglinga í ákveðnum áhættuhópi, hafa flosnað upp úr skóla og þurfa sérstakt úrræði utan síns skóla en Skólasmiðjan er samstarfsverkefni samfélagssviðs, fjölskyldusviðs og fræðslusviðs. Starfsmaður í barnavernd er hluti af því teymi sem stýrir þessu úrræði ásamt starfsmönnum frá skólaþjónustu fræðslusviðs og samfélagssviðs auk starfsmanns úr skóla.

Útibú Barnahúss á Norðurlandi sem opnaði með formlegri viðhöfn 1. apríl 2019 hefur reynst vel og er almenn ánægja með þessa þjónustu hér á Norðurlandi. En með þessari viðbót var þjónusta í heimabyggð aukin sem um munar og er afar vel látið af aðstöðunni og þeim tækjum sem henni er búin. Með því að koma á fót útibúi Barnahúss á Akureyri hefur verið komið betur til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra sem þurfa þjónustu að halda vegna kynferðisbrotamála.

Meðferðarúrræðinu „Trappan“ var hrundið af stað snemma árs 2020 eftir nokkuð markvissa undirbúningsvinnu frá lokum árs 2018. Var þessu verkefni komið á fót sem liður í „Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum 2018-2020“ með það að markmiði að þróa sérstakt úrræði fyrir börn sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi. Var tekin ákvörðun um að starfsmenn barnaverndar tækju upp sérstakt verklag um samtalsmeðferð fyrir börn sem yrðu með einum eða öðrum hætti vitni að eða sjálf fyrir ofbeldi á heimilum sínum. Meðferðarúrræðið „Trappan“ er gagnreynd aðferð, upprunnin frá Svíþjóð ætluð til samtalsmeðferðar fyrir börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi. Var útbúið sérstakt viðtalsherbergi þar sem samtalsmeðferðin fer fram. Nokkur fjöldi barna hefur notið þessarar meðferðar en þó hefur ástandið vegna Covid sett nokkuð strik í reikninginn á árinu.

Áætlað var að fara í sérstakt kynningarátak í grunnskólum Akureyrar á árinu í samvinnu við verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags með það að markmiði að kynna fyrir börnum og ungmennum, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, réttindi þeirra og skyldur, starf barnaverndar og sérstakan barnaverndarhnapp á heimasíðu Akureyrarbæjar. Lokun skóla og aðstæður í þjóðfélaginu vegna Covid töfðu þá vinnu hins vegar verulega og hófst kynningarátakið ekki fyrr en seinnipart ársins. Þeirri vinnu verður framhaldið á nýju ári. Á heimasíðu Akureyrarbæjar hefur barnaverndarhlutinn verið uppfærður á vandaðan hátt. Þar er nú að finna sérstakan hnapp fyrir börn, rafrænar tilkynningar fyrir almenning og þá sem vinna með börnum auk þess sem rafræn handbók um tilkynningarskylduna varð að veruleika á árinu.

Barnavernd hefur á árinu einbeitt sér að því að velja sérstaklega hæfa starfsmenn bæði í tilsjón og eftirlit og ekki síður í persónulega ráðgjöf fyrir ungmenni með það að markmiði að þeir starfsmenn öðlist sérstaka þjálfun og þekkingu til að taka að sér vandasöm verkefni hjá barnavernd en mikilvægt þykir að hafa yfir að búa sérstöku starfsliði í þessi störf þar sem haft er eftirlit með heimilum og markviss stuðningur veittur inná heimili barna og foreldra þeirra. Þetta hefur tekist að mörgu leyti vel og má nefna að starfsmenn barnaverndar þróuðu ákveðið verklag um boðað og óboðað eftirlit á heimili í byrjun þessa árs og gerði samning við þrjá aðila sem taka að sér slík verkefni. Hefur sá samningur reynst vel að mati starfsmanna. Ákveðinn kjarni hefur einnig orðið til sem tekur að sér að vera stuðningsfjölskylda í barnaverndarmálum en mikilvægt er fyrir barnavernd að hafa ávallt tiltækar stuðningsfjölskyldur í flóknum málum. Skortur á stuðningsfjölskyldum hefur á tímabilum verið nokkurt áhyggjuefni.

Þeirri áætlun að koma á fót sérstöku „fjölskylduheimili“ til greiningar- og þjálfunarvistar var ýtt út af borðinu á árinu. Þess í stað var farið að leita nýrra leiða til að koma til móts við þarfir fjölskyldna og barna í viðkvæmasta hópi barnaverndarinnar. Í nokkrum málum hafa verið gerðir samningar við eitt af þremur einkaheimilunum um vistun með sérstakri áætlun um greiningu- og þjálfunarvistun fyrir barn og í einu tilfelli barn og foreldri. Þessar vistanir hafa skilað góðu og mun þróun að mögulegu úrræði til greiningar- og þjálfunar verða framhaldið á nýju ári enda þörfin brýn.

Fundir barnaverndarnefndar

Barnaverndarnefnd hélt 10 fundi á árinu þar sem málefni 30 barna til umfjöllunar á þessum fundum, alls 56 sinnum. Úrskurðað var um vistun fjögurra barna utan heimilis á árinu en í flestum málum næst samkomulag við foreldra og eftir atvikum ungmenni um vistun áður en til úrskurðar þarf að grípa. Fimm sinnum var úrskurðað um umgengni fósturbarna við kynforeldra sína. Nefndin átti aðild að málum fjögurra barna fyrir Héraðsdómi á árinu vegna kröfu um forsjárviptingu. Þá féll dómur um forsjárviptingu í máli tveggja barna hjá héraðsdómi og vísað frá í Landsrétti á árinu.

4 Félagsþjónusta

Markmið félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

Félagsþjónustan býður upp á félagslega ráðgjöf auk eftirfarandi úrræða: fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, sérstakur húsnæðisstuðningur, styrkir til náms- og tækjakaupa, námskeið og stuðningsfjölskyldur fyrir börn. Með samráði við aðra stofnanir bæjarins hefur einnig verið boðið upp á atvinnuúrræði. Auk þess getur félagsþjónustan vísað í Öskjuna fjölskyldustuðning, þar sem foreldrar geta fengið stuðning og ráðgjöf við uppeldi á heimilum sínum.

4.1 Félagsleg ráðgjöf

Hlutverk félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar eru til dæmis ráðgjöf vegna fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða öldrunar.

Til þess að ráðgjöfin skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við önnur svið bæjarins og stofnanir. Má þar nefna samvinnu við fræðslusvið, búsetusvið, HSN á Akureyri,

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk), VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og SÁÁ. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er jafnan lykilatridi í því að ná samfellu og árangri.

Ráðgjöf vegna fötlunar

Auk almennrar ráðgjafar sinnir félagsþjónustan sérstakri ráðgjöf vegna fatlaðra barna og fullorðinna. Um er að ræða einstaklinga þar sem almenn úrræði hafa ekki reynst nægjanleg og leita hefur þurft eftir úrræðum sem sérstaklega eru ætluð fötluðu fólki skv. lögum. Mikil samvinna er við búsetusvið og fræðslusvið sem veitir mörgum þessara einstaklinga viðamikla þjónustu.

Ráðgjöf vegna fjölskyldumála

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglinga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við bæði skólaþjónustu fræðslusviðs og barnavernd. Auk þess að veita ráðgjöf vegna barna er veitt ráðgjöf er snýr að samskiptum í fjölskyldu t.d. vegna sambúðarslita, breytinga sem kunna að verða vegna fötlunar, slysa eða öldrunar.

Þegar þjónusta við fjölskyldur er umfangsmikil og margir sem koma að, til dæmis þegar um fötluð börn og fjölskyldur þeirra er að ræða er unnið í teymisvinnu. Hún felur það í sér að allir aðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Reglulega er fundað með forráðamönnum barnsins og þeim er koma að þjónustunni þar sem farið er yfir verkaskiptingu og hlutverk hvers og eins þannig að samfellan í þjónustunni verði sem best. Á undanförunum misserum hefur verið lagt mikið upp úr því að halda teymisvinnunni áfram þegar í framhaldsskóla er komið og lögð áhersla á að tengja barnið við ráðgjafa áður en það nær 18 ára aldri og verður sjálfráða.

Ráðgjöf vegna neyslu

Neysla áfengis og annarra vímuefna er í sumum tilfellum stór vandi þeirra er leita til félagsþjónustunnar. Því býðst skjólstaðingum að mæta í viðtöl hjá áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Einstaklingar eru einnig aðstoðaðir við að komast í meðferð og reynt að veita stuðning og eftirfylgd eftir að meðferð lýkur. Því er oft mikið og náið samstarf við þær stofnanir sem veita meðferð s.s. SÁÁ, geðdeildir, Krýsuvíkursamtökin, Samhjálp og fleiri.

Einnig er mikil samvinna við búsetusvið Akureyrarbæjar til að aðstoða þá sem eiga erfitt með að fá og/eða halda húsnæði vegna neyslusjúkdóms. Er þá unnið eftir hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar sem felst í því að lágmarka þann skaða sem neysla einstaklingsins veldur honum og umhverfi hans.

Ráðgjöf vegna flóttafólks

Færst hefur í vöxt að þeir sem til félagsþjónustunnar leita hafi fengið alþjóðlega vernd hér á landi og þurfi því á auknum stuðningi að halda til að fóta sig í nýju þjóðfélagi. Kallar þjónusta við þennan hóp oft á nána samvinnu margra stofnana bæði sveitarfélaga og ríkis. Einnig þarf oft að kalla til túlk og á árinu var gerður samningur við túlkþjónustu á Írlandi sem býður upp á símatúlkun á mörgum tungumálum.

Ráðgjöf vegna fjármála

Ráðgjöf og leiðbeiningar vegna fjármála miða að því að aðstoða fólk við að koma fjármálum sínum í betra horf. Það getur falist í því að skoða hvernig ýmist hægt er að auka tekjur eða minnka útgjöld, upplýsa um og aðstoða við að sækja rétt sinn hjá öðrum stofnunum svo sem sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum, Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Ráðgjöfin getur einnig falist í aðstoð við að skoða neysluvenjur og leiðbeiningum um úrræði vegna skulda og greiðsluvanda.

Í allri ráðgjöf varðandi fjárhagsaðstoð er vinnufærni metin í samvinnu við umsækjanda. Í kjölfarið er reynt að finna úrræði, aðstoð við að fá vinnu eða takast á við veikindi.

Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við að leita sér hjálpar innan heilbrigðiskerfisins. Í þeim tilvikum er unnið í samstarfi við VIRK, Tryggingarstofnuna ríkisins, Geðdeild SAK og HSN á Akureyri.

Samvinna við Bjarmahlíð


Bjarmahlíð er úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Frá opnun hefur verið öflugt samstarf við miðstöðina. Einn félagsráðgjafi hefur sérstaklega sinnt málefnum þeirra sem þangað hafa leitað til að tryggja samfellu í þjónustu við þolendur ofbeldis.

4.2 Úrræði í félagsþjónustu

Vinnumarkaðsúrræði

Mikil áhersla er lögð á að finna viðeigandi vinnutengd úrræði fyrir vinnufæra einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð.

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar er ætlað þeim sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð frá fjölskyldusviði. Í stað þess að greiða fjárhagsaðstoð er þessum einstaklingum boðin vinna á ýmsum sviðum bæjarins. Á árinu var um 17 milljónum varið í verkefnið sem er tveimur milljónum minna en árið á undan. Einum færri nýtti sér úrræðið miðað við árið 2019 eða tólf einstaklingar.



Mynd 2 – Sérstaka atvinnuátakið, fjöldi erlendra og íslenskra ríkisborgara

Á mynd 2 má sjá hversu margir hafa verið í sérstaka atvinnuátakinu frá 2018 og hvernig skiptingin er á milli íslenskra og erlendra ríkisborgara. Atvinnuátakið hentar þeim sem þurfa að sanna sig á vinnumarkaði eftir langvarandi fjarveru eða hafa ekki reynslu af vinnumarkaði. Undanfarið hefur þeim fjölgað í sérstaka atvinnuátakinu sem ekki tala íslensku og hafa litla reynslu af íslenskum vinnumarkaði og geta því ekki fengið meðmæli fyrrum vinnuveitanda. Því hefur einstaklingum sem eru með erlent ríkisfang fjölgað mikið í þessum hópi.

Einnig getur félagsþjónustan vísað á Fjölsmiðjuna á Akureyri sem er vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára og er hvorki í skóla né vinnu. Á vinnustaðnum er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnu og námi þannig að ungmennin geti betur tekið ákvörðun um framtíð sína að lokinni veru sinni þar. Að Fjölsmiðjunni standa auk Akureyrarbæjar, Rauði Krossinn, Vinnumálastofnun, Eining-Iðja og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Ungmennin fá greidd laun fyrir vinnu sína og var greitt í gegnum fjárhagsaðstoð til Fjölsmiðjunnar vegna 41 einstaklings sem þar störfuðu árið 2020 sem eru sex fleiri en árið 2019.

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu eru annars vegar í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks og hins vegar fyrir þá sem búa við félagslega erfiðleika. Einstæðir foreldrar sem hafa engan eða lítinn stuðning frá hinu foreldrinu, hafa litla aðstoð af stórfjölskyldunni og búa við mikla félagslega erfiðleika geta að undangengnu mati ráðgjafa fengið stuðningsfjölskyldu allt að tvo sólarhringa í mánuði. Í báðum tilfellum er markmiðið með stuðningsfjölskyldum að hvíla foreldra og veita börnunum tilbreytingu við þroskavænleg skilyrði.

Helgardvöl er úrræði sem sett var á laggirnar árið 2019 þegar skortur var á stuðningsfjölskyldum. Markmiðið er að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra fyrir stuðningsþjónustu utan heimilis. Börnin mæta aðra hvora helgi og er starfsemin staðsett í húsnæði Skógarlunda.

Á töflum sex og sjö má sjá hversu mörg börn hafa verið hjá stuðningsfjölskyldum frá árinu 2018-2020 og fjölda sólarhringa sem þau hafa fengið.

Stuðningsfjölskyldur - þjónustusólarhringar				Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2018	2019	2020		2018	2019	2020
Þjónustuflokkur I	380	209	212	Þjónustuflokkur I	7	5	7
Þjónustuflokkur II	248	210	132	Þjónustuflokkur II	10	9	10
Þjónustuflokkur III	350	398	270	Þjónustuflokkur III	15	17	11
Félagsþjónusta	164	92	84	Félagsþjónusta	13	9	9
Helgardvöl		40	236	Helgardvöl		7	16
Alls	978	949	934	Alls	45	47	53

Töflur 6 og 7 – Samanburður á fjölda barna með stuðningsfjölskyldu og fjölda þjónustusólarhringa árin 2018-2020

Snemmtæk íhlutun

Á fjölskyldusviði er unnið eftir hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar er varðar ung börn, hvort sem um er að ræða fötlun, fyrirbura eða annan þann vanda sem veldur álagi í fjölskyldum.

Ráðgjafar í málefnum fatlaðra barna veita fjölskyldum þeirra snemmtæka íhlutun í formi ráðgjafar, þjálfunar og stuðnings á heimilinu frá greiningu og fram að leikskóla. Í snemmtækri íhlutun er horft til aðstæðna fjölskyldunnar í heild sinni og áhersla er á að byggja upp traust og góða samvinnu við foreldra. Fyrstu kynni foreldra fatlaðra barna af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta. Stundum er stuðningur tímabundinn en þegar um fötlun er að ræða heldur stuðningurinn áfram eins lengi og þarf. Ráðgjafinn er tengiliður fjölskyldunnar við þjónustukerfið, kynnir mögulega þjónustu fyrir foreldrum og liðsinnir þeim við að óska eftir þjónustu vegna fötlunar barnsins. Ráðgjafinn sækir um forgang í leikskóla og styður foreldra við undirbúning þar vegna sérþarfa barnsins. Ráðgjafi er í samvinnu við greiningar og þjónustuaðila fjölskyldunnar s.s. Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, Sjúkrahúsið á Akureyri, ungbarnaefitrlit HSN, Vökudeild LSH, ÞPM og fleiri eftir atvikum.


Styrkir til náms og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Alls bárust 13 gildar umsóknir, frá 12 einstaklingum og var samþykkt upphæð kr. 1.452.547 fyrir árið 2020. Árið 2018 barst svipaður fjöldi umsókna og 2020 eða 15 umsóknir frá 14 einstaklingum en árið 2019 voru einungis sex umsóknir frá fimm einstaklingum.

Umönnunarmat

Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Einnig aðstoðar sviðið einstaka foreldra annarra barna við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat.

Í desember 2020 voru á skrá hjá fjölskyldusviði 170 fjölskyldur með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barns sem er fækkun um tvær fjölskyldur frá árinu 2019, sjá mynd 3.



Mynd 3 – samanburður milli ára á þeim fjölda barna sem fengu þjónustu frá 2011 til 2020

Flest börnin eða 152 búa á Akureyri en 18 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu, sjá töflu átta.

Fötluð börn á skrá 2020					
Umönnunarflokkar	1	2	3	4	Alls
Akureyri	7	52	76	17	152
Eyjafjarðarsveit	1	5	3	1	10
Grýtubakkahreppur			1		1
Hörgársveit		1	2	1	4
Svalbarðsstrandarhreppur			3		3
Samtals	8	58	85	19	170

Tafla 8 – Fötluð börn á skrá árið 2020 skipt eftir lögheimili og þjónustuflokki

Fötluð börn raðast í fjóra umönnunarflokka fyrsta, annan, þriðja og fjórða flokk þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Í fjórða flokki eru börn sem metin eru í sambærilegri stöðu og börn í þriðja flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.


Þegar skoðuð er þróun síðustu sjö ára í skiptingu umönnunarflokka sést að börnum fækkar í 2. flokki en fjölga í 3. flokki og í þeim fjórða. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu átta. Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísi þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar geta kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt á þjónustu og ekkert víst að það verði gert alls staðar eins á landinu.

Þróun umönnunarbóta							
Flokkur/ár	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
1	7	8	9	9	9	9	8
2	64	60	58	56	56	55	58
3	74	85	85	89	86	90	85
4	12	15	18	17	20	18	19
Samtals	157	168	170	171	171	172	170

Tafla 9 – Þróun umönnunarbóta á árunum 2014-2020 skipt eftir umönnunarflokkum

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í lok árs 2018 var notendastýrð persónuleg aðstoð lögfest (NPA). Nýjar reglur um þjónustuna voru samþykktar á árinu 2020 og voru gerðir átta samningar, þar af tveir vegna barna.



Mynd 4 – Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) samanburður milli árunna 2014-2020

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel þó aukning í fjölda samninga sé ekki að verða að veruleika þar sem fjármagn frá ríki til að standa undir 25% af kostnaði hefur verið takmarkað. Gerðir hafa verið nokkrir notendasamningar til að koma til móts við þarfir þjónustuþega, oft tímabundnir. Sama hugmyndafræði er að baki þeim samningum en enginn endurgreiðsla fæst vegna þeirra og þjónustumagn á bak við hvern samning yfirleitt lægra.

Alþjóðastofa

Árið 2020 flutti Alþjóðastofa undir nýtt þak og sameinaðist félagsþjónustu fjölskyldusviðs. Alþjóðastofa sinnir fjölþættri starfsemi á sviði innflytjendamála sem byggir á Fjölmenningarstefnu Eyþings og er stefnumótandi aðili í fjölmenningarmálum hjá Akureyrarbæ.

Helstu hlutverk Alþjóðastofu eru: veita upplýsingar og ráðgjöf fyrir innflytjendur varðandi atvinnu- og dvalarleyfi, námskeið í íslensku, skólamál, félagsþjónustu og ýmis önnur mál. Auk þess að vera í að vera í samstarfi við ólíkar stofnanir innan sem utan kerfis Akureyrarbæjar og sinna nýsköpun og þróun verkefna innan málaflokksins.

Samkvæmt nýbúaskrá Akureyrarbæjar 2020 eru 1132 einstaklingar með erlent ríkisfang frá 66 löndum búsettir á Akureyri. Alþjóðastofa hefur það að leiðarljósi að auka sýnileika fjölmenningar og þann fjölbreytileika sem innflytjendur búa yfir og að auka þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Í kjölfar samkomutakmarkana sinnti pólskumælandi ráðgjafi Alþjóðastofu fjölbreyttum verkefnum í fjarvinnu. Vegna hlutabótaleiðarinnar og uppsagna höfðu fleiri einstaklingar en áður samband vegna umsókna um atvinnuleysisbætur og flutning bóta til útlanda. Eins hafði ráðgjafi milligöngu um samskipti einstaklinga við stéttarfélög, Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun vegna réttinda og tók að sér að sækja um fjárhagsaðstoð fyrir hönd þeirra sem óskuðu eftir því (bæði frá sveitarfélagi og góðgerðasamtökum). Enn fremur nýtti Bjarmahlíð krafta pólskumælandi ráðgjafans með góðum árangri. Heilt yfir gekk fjarvinna frá október til loka árs 2020 vel. Vegna aðstæðna í samfélaginu var síða Alþjóðastofu á samfélagsmiðlum (Facebook) jafnframt mun virkari en áður.

Áhrif Covid-19 á þjónustu Alþjóðastofu var stærsta áskorun ársins 2020 þar sem hefðbundin þjónusta felur í sér að hitta fólk. Allir slíkir fundir færðust á rafrænt form. Í ljósi Covid-19 reynslunnar og í sambandi við stefnu bæjarins um stafræna þjónustu hins opinbera er þörf á að efla almenna stafræna hæfni fólks af erlendum uppruna. Samfélagsfræðsla til innflytjenda ásamt

Íslenskukennslu á vegum Símeys er enn sem komið er eina leiðin til að efla kunnáttu og færni innflytjenda á stafræn samskipti við hið opinbera.

Alþjóðastofa er virkur aðili í alþjóðlegum samskiptum. Árið 2020 tók Alþjóðastofa þátt í tveimur Erasmus verkefnum:

Lingua+ Hagnýtar nýjungar í tungumálakennslu fyrir fullorðna innflytjendur (2017-2020). Styrkur að upphæð 258.138 evrur. Þau lönd sem tóku þátt í þessu verkefni auk Íslands voru Bretland, Ítalía, Tékkland og Kýpur.

Medice Konur úr hópi innflytjenda sem leiðbeinendur í heilsugæslu (2017-2020). Styrkur að upphæð 256.706 evrur. Þau lönd sem tóku þátt í þessu verkefni auk Íslands voru Bretland, Pólland, Tékkland og Kýpur <http://www.mediceproject.eu/>

Fjárhagsaðstoð


Árið 2020 voru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar varð upphæð kr. 156.189.946 að teknu tilliti til endurgreiddra lána og annarra endurgreiðslna sem voru að upphæð kr. 23.768.041.

Hlutfall íbúa Akureyrarbæjar sem þáðu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar á árinu 2020 var það sama og bæði árin 2018 og 2019 eða 1,68%.

Árið 2020 var framfærslugrunnur til einstaklinga að upphæð kr. 184.208 og til hjóna kr. 294.732. Framfærslugrunnur er óháður því hvort barn eða börn búi á heimilinu en á móti eru greiðslur vegna barna s.s. barnabætur og barnalífeyrir ekki reiknaðar inn með tekjum umsækjenda. Þó var sú breyting gerð að heimilt er að bæta við framfærsluna allt að upphæð kr. 25.000 vegna barna ef foreldrar greiða fyrir daggæslu, skólamáltíðir eða tómstundir.


Fjárhagsaðstoð – fjölskyldugerð

Fjölskyldugerð styrkþega í fjárhagsaðstoð 2020 má sjá á mynd 5 og þar er einnig staðan 2018 og 2019 til samanburðar. Fram kemur að einhleypir eru sem fyrr fjölmennasti hópurinn en einstæðir foreldrar koma þar á eftir.



Mynd 5 – Fjárhagsaðstoð, skipting eftir fjölskyldugerð samanburður milli árunna 2019-2020

Fjöldi barna 0-17 ára á heimilum sem þáðu fjárhagsaðstoð var 254 árið 2020 sem er 34 börnum fleiri en 2019 eins og sjá má á mynd 6.



Mynd 6 – Fjöldi barna á aldrinum 0-17 ára á heimilum sem fá fjárhagsaðstoð 2015-2020

Fjárhagsaðstoð – atvinnustaða


Á mynd 7 má sjá hver atvinnustaða styrkþega fjárhagsaðstoðar 2020 er borin saman við stöðuna árin 2018 og 2019. Þar má sjá að hlutfall atvinnulausra án bótaréttar hefur farið hækkandi og er 27% en hlutfall sjúklinga er 26 %. Þeir styrkþegar sem tilheyra hópnum sjúklingar eru í langflestum tilfellum einstaklingar á bið eftir örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Í heildina eru ekki miklar breytingar á atvinnustöðu. Það skal tekið fram að allir sem vinna í Fjölsmiðjunni hafa atvinnustöðuna „í hlutastarfi“ og eru þar með stærsti hluti þess hóps. Árin áður voru þeir taldir í fullu starfi og getur skýrt þá breytingu sem er á milli þessar hópa milli ára.



Mynd 7 – Skipting fjárhagsaðstoðar eftir atvinnustöðu samanburður milli ára 2018-2020

Þróun fjárhagsaðstoðar


Styrkþegum fjölgaði um fjóra á milli ára og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar hækkaði lítilega á milli áruna. Á mynd 8 má sjá þróun útgjalda fjárhagsaðstoðar 2011 til 2020 framreiknað miðað við vísitölu launa í júlí hvers árs ásamt fjölda styrkþega á sama tíma.



Mynd 8 – Samanburður á fjárhagsaðstoð á árunum 2011-2020 þegar tekið er mið af launavísitölu í júlí 2020

Aldursskipting styrkþega


Aldursskiptingin er nokkuð svipuð á milli ára en þó má sjá að hlutfallslega fjölgar í hópi yngri en 25 ára. Aðeins 1% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru eldri en 68 ára.



Mynd 9 – Samanburður á fjárhagsaðstoð á árunum 2018-2020, skipting eftir aldri

Grunnframfærsla og aðstoð skv. heimildakafla

Fjárhagsaðstoð skv. reglum velferðarráðs Akureyrarbæjar skiptist í tvo hluta, annars vegar í framfærslu sem jafnframt er stærsti hlutinn og hins vegar í greiðslu samkvæmt svokölluðum heimildakafla. Framfærsla var á árinu 2020 tæp 60 % af heildarfjárhagsaðstoð, en greiðslur úr heimildakafla voru 37%. Greiðslur skv. heimildakafla eru af ýmsu tagi og má þar nefna: greiðslur til foreldra vegna barna á þeirra framfæri, greiðslur vegna læknskostnaðar, lán vegna tryggingargjalds í íbúð og kostnað vegna endurhæfingar. Greiðslur til Fjölsmiðjunnar falla einnig undir heimildakafla og það gera einnig námsstyrkir og jólastyrkir (sérstök fjárhagsaðstoð í desember). Samanburður á skiptingu fjárhagsaðstoðar á árunum 2011-2020 má sjá á mynd 10.



Mynd 10 – Fjárhagsaðstoð samanburður milli ára 2010-2020 skipting eftir greinum

Skólastyrkir

Undanfarin þrjú ár hefur þeim fjölgað sem fá námsstyrki. Þeir eru ætlaðir þeim sem búa við langvarandi félagslega erfiðleika, eru einstæðir foreldrar með barn á framfæri eða aðstæður þeirra eru með því móti að hætta er talin á að án aðstoðar flosni þeir upp úr námi. Eingöngu er veittur styrkur til náms sem ekki er lánshæft. Árið 2020 hlutu alls 15 ungmenni skólastyrk í formi framfærslu á móti 14 árið 2019.

Fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma


Flestir fengu fjárhagsaðstoð í einn mánuð eða 115 og aðeins 15 einstaklingar fengu aðstoð í 10 mánuði eða lengur, sjá töflu 10.

2019			2020	
Lengd aðstoðar og fjöldi heimila				
Lengd aðstoðar	Fjöldi 2019	Hlutfall	Fjöldi 2020	Hlutfall
1	111	34,80%	115	38,59%
2	59	18,50%	58	19,46%
3	43	13,50%	32	10,74%
4	31	9,70%	19	6,38%
5	23	7,20%	22	7,38%
6	5	1,60%	11	3,69%
7	9	2,80%	14	4,70%
8	12	3,80%	6	2,01%
9	10	3,10%	6	2,01%
10	6	1,90%	8	2,68%
11	7	2,20%	6	2,01%
12	3	0,90%	1	0,34%
	319	100.00%	298	100.00%

Tafla 10 – Lengd fjárhagsaðstoðar í mánuðum og fjöldi heimila, samanburður milli ára 2019 og 2020

Þjónusta við nágrannasveitarfélög

Nágrannasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur eru aðilar að samningi um ráðgjafarþjónustu við Akureyrarbæ. Íbúar þessara sveitarfélaga sækja sér ýmsa þjónustu til fjölskyldusviðs skv. þeim samningi s.s. félagslega ráðgjöf og einnig er tekið við og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð. Fjöldi þeirra sem sótti um fjárhagsaðstoð árið 2020 var 13 og fjöldi umsókna 32.



Mynd 11 – Fjárhagsaðstoð við nágrannasveitafélög á árunum 2012 til 2020

Húsnæðismál

Tilgangurinn með rekstri félagslegs leiguhúsnæðis er að tryggja framboð af leiguhúsnæði til handa einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Um er að ræða almenn félagslegt leiguhúsnæði, sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og áfangaheimili.

Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði skiptist í heild sinni svo í árslok 2020 :

Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði					
Stærð íbúða	2 herbergja	3 herbergja	4 herbergja	5 herbergja	Samtals
Umsóknir	79	22	20	6	127
Umsóknir um flutning	15	5	5	2	27
Samtals umsóknir	94	27	25	8	154
Áætlaður biðtími	4 ár	3 ár	2,5 ár	Óvíst	

Tafla 11– Biðlisti eftir félagslegu húsnæði miðað við stærð íbúða

Umsóknum á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði fækkaði í heild sinni um átta á milli árunna 2019 og 2020.

Fjölgun á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði					
Stærð íbúða	2 herbergja	3 herbergja	4 herbergja	5 herbergja	Samtals
Umsóknir	0	- 7	+1	-4	-10
Umsóknir um flutning	+3	+3	-3	-1	+2
Samtals	+ 3	-4	-2	-5	-8

Tafla 12 – Fjölgun á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði miðað við stærð íbúða

Meðfylgjandi tafla sýnir þróun á biðlista, án þeirra sem sóttu um flutning, í lok hvers árs frá árinu 2013.

Þróun fjölda á biðlista								
Herbfj.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
2ja	81	89	105	83	71	66	79	79
3ja	30	26	30	28	26	36	29	22
4ja	32	23	23	27	19	12	19	20
5ja	4	4	5	5	5	6	10	6
Samtals:	147	142	163	143	121	120	137	127

Tafla 13 – Þróun fjölda umsókna á biðlista

Á árinu 2020 bárust samtals 89 nýjar umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til Akureyrarbæjar, að meðtöldum umsóknum um áfangaheimili og sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. 63 umsóknir voru samþykktar á biðlista, 2 dregnar til baka og 24 umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði. Haustið 2020 féllu 58 umsóknir úr gildi og teknar af biðlista vegna þess að umsóknir voru ekki endurnýjaðar sbr. 26. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar. Hlutfall samþykktra umsókna var 69% en árið 2019 var hlutfall samþykktra umsókna 67%.

Á árinu 2020 fengu 47 umsækjendur úthlutun samanborið við 45 árið 2019. Þrír höfnuðu úthlutun miðað við sex árið 2019.

Fjöldi félagslegra íbúða eru alls 338 eignarhlutir. Með eignarhlutum er átt við almennar íbúðir, pláss í þjónustukjörnum, hvort heldur sem er herbergi eða stúdíóíbúð og einnig eignir sem eru leigðar áfram af Akureyrarbæ af FESTA, Brynju leigufélagi og Þroskahjálpi.

Á árinu 2020 var ein tveggja herbergja íbúð keypt og ein tveggja herbergja tekin á leigu frá Brynju leigufélagi til áframleigu. Klettaborg 43 var tekin í gagnið, en þar eru fimm íbúðir ásamt starfsmannaíbúð. Einbýlishús að Jörvaabyggð var selt. Fjögurra herbergja íbúð í Hrísey var seld. Glerárholt var keypt og er í framkvæmdum, þrjár þriggja herbergja íbúðir fyrir sértæk úrræði verða þar og er áætlað að þær verði teknar í notkun 1. apríl 2021. Í byggingu eru tvö smáhýsi í Sandgerðisbót og áætlað er að taka þau í notkun á vormánuðum 2021.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Akureyrarbær greiðir út sérstakan húsnæðisstuðning, sem er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram almennar húsnæðisbætur. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og félagslegrar aðstæðna. Akureyrarbær greiðir einnig sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15 – 17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili.

Á árinu 2020 bárust 193 nýjar umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning. Af þeim voru 99 nýjar umsóknir samþykktar, en 90 umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði. Fjórar umsóknir voru í vinnslu/bið um áramót. Meðalfjöldi samþykktra umsókna í hverjum mánuð á árinu 2020 var 267, samanborið við 264 árið 2019.

Meðalupphæð sem greidd var á hverja samþykktu umsókn í hverjum mánuði árið 2020 var að upphæð kr. 23.686 samanborið við kr. 25.675 árið 2019. Heildarupphæð sem greidd var út vegna sérstaks húsnæðisstuðnings árið 2020 var að upphæð kr. 76.185.410

Þann 20. október 2020 var samþykkt í bæjarstjórn að hækka viðmiðunarfjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna um 6,75% og mun sú ráðstöfun vega upp á móti tekjuhækkunum stuðningsþega sem áttu sér stað árið 2020 og höfðu áhrif til lækkunar við mat á sérstökum húsnæðisstuðningi. Þannig má gera ráð fyrir að samþykktum umsóknum muni fjölga aftur á árinu 2021. Jafnframt var samþykkt breyting 7. gr. um hækkun fjárhæðar lágmarksupphæðar vegna húsnæðiskostnaðar úr upphæð kr. 40.000 í kr. 50.000 að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Breytingarnar tóku gildi 1. janúar 2021.

5 Þjónustudeild

Undir þjónustudeild heyrir sú starfsemi sviðsins sem veitir þjónustu þvert á málaflokka, þ.e. skrifstofan og Askjan – fjölskyldustuðningur.

Skrifstofa fjölskyldusviðs

Á skrifstofu fjölskyldusviðs starfa þrír starfsmenn, einn móttökuritari, skrifstofustjóri og sérfræðingur. Þeir sinna þjónustu við aðra starfsmenn sviðsins og þjónustuþega. Meðal verkefna er móttaka, símsvörin, bókhald og öll fjárhagsleg umsýsla. Launavinnsla og frágangur er varðar ráðningar á fólki er á verksviði skrifstofu auk greiðslu fjárhagsaðstoðar til skjólstaðinga félagsþjónustu. Skrifstofan ber ábyrgð á að skjalavistun sé í samræmi við lög, reglugerðir og skjalavistunaráætlun bæjarins. Hún hefur umsjón með þeim upplýsingum um fjölskyldusvið sem eru á heimasíðu Akureyrarbæjar og annast í samráði við aðra starfsmenn þróun rafræna upplýsinga um starfsemina og heldur utan um gerð umsókna sem fara inn á gáttina.

Askjan

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsókna inn á heimili. Starfsmenn eru þrír í tveimur stöðugildum. Teymi starfsmanna þvert á málaflokka er starfandi og er hlutverk þess að halda utan um umsóknir, þróun þjónustunnar og halda utan um kynningastarf. Um er að ræða þróunarstarf sem allir hlutaðeigandi sinna af miklum metnaði. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni. Tilvísanir koma frá félagsþjónustu og barnavernd auk þess sem skólaþjónustan á fræðslusviði hefur aðgang að Öskjunni og tekur þátt í þróun hennar. Málin eru misflókin. Þau mál sem koma frá barnaverndinni eru oftast tímafrekari en önnur í vinnslu og aðstoðin víðtækari. Mál sem taka styttri tíma í vinnslu eru t.d. heimili einhverfra barna þar sem foreldrar fá aðstoð við að setja upp sjónrænt skipulag sem snýr að þörfum barnsins. Einnig hafa starfsmenn haldið fjölskyldufundi og verið með handleiðslu við starfsfólk t.d. í heimaþjónustu sem vinnur inn á heimilum. Kynning á þjónustunni hefur verið haldin fyrir leikskólastarfsmenn, heilsugæslu og víðar.

Mál í vinnslu árið 2020 voru 55, þar af hófust 27 mál árið 2020 og 21 máli var lokið. Átta mál voru á biðlista í lok árs og var meðallengd mála 9,5 mánuðir. Stysta málið tók tvo mánuði í vinnslu og það lengsta 38 mánuði.

6 Önnur starfsemi sviðsins

Samráð við hagsmunasamtök notenda

Samráð við fatlað fólk á sér langa sögu á Akureyri og hefur verið til síðan 1999 í einhverri mynd. Frá 2018 hefur verið starfandi Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Samsetning hópsins er þannig að þrír eru pólitískir fulltrúar þar af einn formaður hópsins. Grófin- geðverndarmiðstöð, Sjálfsbjörg á Akureyri og Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eiga hvert sinn fulltrúa. Sviðsstjóri búsetusviðs ritar fundagerðir og er formanni til aðstoðar við að ákveða dagskrá og afla efnis.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Fylgjast með þjónustu við fatlað fólk, huga að samhæfingu þjónustunnar og stuðla að félagslegri velferð fatlaðs fólks.
2. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustunnar við fatlað fólk og gera tillögur til sveitarstjórnar um mögulegar breytingar á þjónustunni þar sem hennar er þörf.
3. Umsagnaraðili til ráðuneytis um veitingu starfsleyfis skv. 7. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
4. Umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni byggingarfulltrúa við hönnun og byggingu opinberra mannvirkja og atvinnuhúsnæðis.
5. Umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs við gerð gangstétta, gönguleiða og bílastæða.
6. Leitast við að tryggja sé að fatlað fólk fái þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast og kynna fyrir fötluðu fólki þau úrræði og þjónustu sem í boði er.

Samráðshópurinn kom saman átta sinnum á árinu 2020 þar sem bæði var kynnt ýmis þjónusta, gerðar umsagnir um verkefni sem tengjast þjónustunni s.s. gerð reglna um þjónustuna og ýmislegt fleira.

SIS mat

SIS er samræmt mat á landsvísi og stendur fyrir Supports Intensity Scale. SIS mat er með öðrum orðum mat á þjónustubörfum fullorðins fatlaðs fólks og var innleitt árið 2009–2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í SIS mat. Á árinu 2020 fóru mjög margir í þjónustugreiningu, alls 54 einstaklingar. 11 einstaklingar fóru í sitt fyrsta mat, þjónustuaðilar óskuðu eftir endurmati fyrir nokkra og svo voru margir sem fóru í endurmat að óska SIS mats aðilanna. Þeir einstaklingar höfðu ekki farið í endurmat mjög lengi. Alls voru 126 einstaklingar metnir í þjónustubörf umfram félagslega heimaþjónustu. Veruleg þjónustubörf er þjónusta umfram 15 tíma á viku. SIS matið er þannig byggt upp að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustubörf vegna heilsu og atferlis (12A og 12B). Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem metnir eru í flokka 5 – 12. Alls voru u.þ.b. 400 á skrá sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru u.þ.b. 100. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat.

7 Skógarlundur

Í Skógarlundi er einstaklingum með langvarandi stuðningsþarfir boðin þjónusta í formi hæfingar og virkni samkvæmt 26.gr. laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992. Einstaklingarnir eiga kost á atvinnu- og hæfingartengdri þjónustu sem stuðlar að aukinni hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi og sem miðar að því að viðhalda og auka færni, veita tilbreyingu og upplifun, gleði og ásamt auknum lífsgæðum.

Markmið Skógarlunda eru m.a. eftirfarandi:

- Einstaklingarnir upplifi öryggi og vellíðan
- Efla alhliða þroska og sjálfstæði
- Viðhalda og auka færni til að takast á við athafnir daglegs lífs
- Bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til hæfingar og virkni fyrir alla
- Efla möguleika á tjáskiptum með öllum mögulegum boðskiptaleiðum.

Hugmyndafræði

Þarfir skjólstaðinganna eru ólíkar og því er stuðst við og unnið eftir mörgum mismunandi aðferðum. Meðal annars hafa eftirtaldir kenningar/hugmyndafræði mótað og haft áhrif á starfið í Skógarlundi:

- Þjónandi leiðsögn
- Tákn með tali – tjáskiptaaðferð
- Skipulögð vinnubrögð byggð á hugmyndafræði Teacch
- Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Þjónustan

Í Skógarlund sækir breiður hópur fólks með langvarandi stuðningsþarfir þjónustu. Flestir eru með þroskaraskanir og því fylgja erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Margir þurfa stöðugt eftirlit vegna fötlunar sinnar og stór þáttur í daglegu starfi eru umönnun og ýmiskonar örvun á sviði skynjunar sem fléttuð er inn í allar aðrar athafnir daglegs lífs.

Búsetuform einstaklinganna er mismunandi, sumir búa einir í íbúðum/íbúðakjörnum og fá þar þjónustu, nokkrir búa á sambýlum og aðrir búa í foreldrahúsum.

Tölulegar staðreyndir um þjónustu árið 2020

Í Skógarlundi fengu 44 einstaklingar þjónustu í byrjun árs en í árslok voru þeir 42. Allir fengu þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir á dag fyrir utan einn. Þjónustustundirnar hefðu átt að vera 37.934 miðað við fjölda þjónustuþega en Covid-19 setti strik í reikninginn hér eins og alls staðar annarsstaðar. Í fyrri bylgju faraldsins var lokað í Skógarlundi en starfsmenn fóru inn á heimilin til að veita þar þjónustu og aðstoða. Í seinni bylgju faraldsins þegar samkomu-takmarkanir breyttust í 20 manns, fengu allir þjónustuþegar tilboð annan hvern dag. Starfsmönnum var þá skipti í þrjá hópa og unnu tveir hópar til skiptis í Skógarlundi og einn hópur fór aftur inn á heimilin til að aðstoða. Í 10 manna samkomutakmörkunum var einstaklingum sem búa heima hjá foreldrum aðeins veitt þjónusta og þá allan daginn fyrir þá sem vildu – nokkrir starfsmenn unnu í Skógarlundi en aðrir unnu á heimilum. Í desember var sótt um undanþágu á fjöldatakmörkunum til heilbrigðisráðuneytisins og fékkst undanþága fyrir 20 manns í húsi. Þá hófst starfsemi aftur annan hvern dag fyrir alla þá sem nýta þjónustu Skógarlunda. Þar að leiðandi var erfitt að taka saman raunverulegan heildarfjölda þjónustustunda sem nýttar voru af þjónustuþegum vegna ársins 2020.

Starfsfólk

Miklar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum þetta árið. Tveir starfsmenn hafa verið í langtíma veikindaleyfum og á tímabili voru fimm starfsmenn í fæðingarorlofi. Í heildina störfuðu 22 starfsmenn í Skógarlundi á mismunandi tíma. Nýr forstöðumaður var ráðinn í Skógarlund og hóf störf í ágúst. Í Skógarlundi starfa þroskajálfar, iðjuþjálfar, félagsliðar, íþróttafræðingur og almennir starfsmenn.

Í lok árs 2020 störfuðu 17 starfsmenn í 14,27 stöðugildum en fastráðnir starfsmenn í fæðingarorlofi eru fjórir. Einn starfsmaður er ennþá í langtímaveikindaleyfi.

Starfið

Það urðu breytingar á starfsemi Skógarlunda með nýjum forstöðumanni. Helstu breytingar voru þær að deildirnar sem voru í vestur og suður álmu Skógarlunda voru sameinaðar og skrifstofa forstöðumanns var færð í minna rými. Húsnæði Skógarlunda var skipt niður í átta starfsstöðvar sem eru: Skapandi starf, smíðar og handverk, vinnuþjálfun, skynörvun, hreyfing, tölvur og rofar, gagnaeyðing og reynsluboltar. Markmiðið með stöðvunum er að bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari verkefni og allir sem koma í þjónustu fara á tvær starfsstöðvar á dag þ.e. eina fyrir kaffi og aðra eftir kaffi. Þannig er meiri áhugi og virkni á stöðvunum og meiri tilbreyting því allir vinna með fleirum, bæði öðrum sem nýta þjónustuna og starfsmönnum. Starfsstöðvarnar hjálpa þeim sem koma í Skógarlund að átta sig á til hvers er ætlast á hverri stöð.

Við í Skógarlundi erum að búa til vinnumat til þess að hjálpa okkur að skoða ýmsa þætti sem varða skjólstæðinga okkar t.d. boðskiptin, áhugasvið, mætingu, hæfni til samvinnu og svo er skráð hvernig hverjum einstaklingi gengur á hverri starfsstöð og hvernig þeim líður.

Skipulag Skógarlunda er myndrænt fyrir þá sem þurfa og sýnir athafnir dagsins og í hvaða röð þær eru. Myndræna skipulagið veitir öryggi, dregur úr kvíða og er notað til þess að hjálpa til við að gera greinarmun á athöfnum.

Lítið var um félagsstarf þetta árið vegna Covid-19. Vorhátíðin og jólagleðin féllu niður, jólamarkaðurinn var með breyttu sniði og lítið hefur verið um heimsóknir og ferðir.

Starfsfólk Skógarlunda er í góðu samstarfi við Plastiðjuna Bjarg – Iðjulund en þaðan fáum við verkefni sem unnin eru á vinnustöðinni hér í Skógarlundi. Við erum einnig í samstarfi við Kjarnafæði og fáum þaðan gögn til að vinna í gagnaeyðingunni. Við eigum gott samstarf við heimili þeirra sem koma til okkar, ferliþjónustuna og alla aðra sem við höfum samskipti við.

Markmið fyrir komandi ár:

- Halda áfram að efla notendur og bjóða upp á fjölbreytta virkni og hæfingu sem allir geta nýtt sér.
- Eignast allan þann búnað sem við teljum nauðsynlegan fyrir þá sem búa við mestu fatlanirnar.
- Fara í meira samstarf við heimili skjólstæðinga okkar t.d. varðandi þjónustuáætlanir, tjáningu / myndir og fleira.
- Finna leiðir til að efla tjáskipti.
- Með hæfasta fólkið langar okkur að hugsa út fyrir Skógarlund og finna verkefni til þjálfunar út á almenna vinnumarkaðinum, þótt það væri aðeins einu sinni í viku.
- Kynna starfið okkar í Skógarlundi fyrir foreldrum, samstarfsfólki, bæjarbúum og öllum sem áhuga hafa.
- Búa til kynningarmyndband um starfið í Skógarlundi.

8 Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Uppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurkur, klútar og skilti. PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl. 8-16 virka daga.

Hlutverk PBI

Á Plastiðjunni Bjargi - Iðjulundi (PBI) fer fram starfsþjálfun og vinna fyrir fatlað fólk. PBI er vinnustaður fyrir fólk sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum er með skerta starfsgetu. PBI starfar skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Rekstraraðili er Akureyrarbær.

Í 22. gr. laganna kemur fram að hvers konar atvinnu- og hæfingartengd þjónusta sem ætluð er fötluðu fólki teljist til vinnumarkaðsaðgerða. Vinnumálastofnun annast skipulag og vinnumarkaðs-aðgerðir fyrir fatlað fólk, þar á meðal vinnumiðlun, mat á þörf fyrir vinnumarkaðsúræði og mat á vinnufærni. Skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun er á ábyrgð sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega ákveðið með samkomulagi ríkis og Vinnumálastofnunar.

Samkvæmt skilgreiningu á fötlun segir í 2 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir að fötlun sé afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

Í lögunum er kveðið á um að þeir eigi rétt á þjónustu sem eru með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum eða slysum. Á hverjum tíma nýtir fjöldi einstaklinga sér þjónustu á PBI og nauðsynlegt er að í boði séu fjölbreytt störf fyrir þann hóp sem sækir um og eiga rétt skv. lögum.

Starfsmannafjöldi árið 2020	
Starfsendurhæfing og starfsþjálfun	26
Ótímabundin ráðning	21
Annað starfsfólk	14

Tafla 14 – Starfsmannafjöldi í PBI árið 2020

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er á öðrum atvinnutilboðum. Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfva einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Sérstakur matslisti er notaður við mat á starfsgetu sem eykur skilvirkni og flýtir fyrir þátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði.

Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru 26 einstaklingar í tímabundinni ráðningu á árinu 2020, 17 karlar og níu konur. Að lokinni starfsþjálfun fengu tveir af ofangreindum einstaklingum starf á vegum Atvinnu með stuðningi (AMS). Sex einstaklingar hættu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Vinnugeta starfsmanna er mismikil og eru laun greidd skv. starfsmati Hlutverks - samtaka um vinnu og verkþjálfun. Matinu er ætlað að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun eru félagsmenn í Einingu - Iðju og njóta þeirra kjara sem félagsmenn fá. Allar umsóknir á PBI berast í gegnum vef Vinnumálastofnunar. Helstu tilvísendur á PBI eru geðdeild SAK, endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, fjölskyldusvið, búsetusvið, VMA og VIRK starfsendurhæfingarsjóður.

Starfsþjálfun 2020	
Fjöldi einstaklinga metinn samkvæmt starfsgetu	
30% laun	18
50% laun	8
Samtals:	26

Tafla 15 – Fjöldi einstaklinga í starfsþjálfun í PBI árið 2020

Ótímabundin ráðning

Ótímabundin ráðning (áður kölluð vernduð vinna) er fyrir einstaklinga á aldrinum 18-70 ára og er ætluð starfsmönnum sem lokið hafa starfsþjálfun en geta ekki nýtt sér önnur atvinnutilboð á almennum vinnumarkaði. Starfsgeta einstaklinga er metin í 30%, 50%, 70% eða 90% skv. starfsmati Hlutverks. Mat/endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári og eru laun greidd í hlutfalli við starfsgetu. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 10%.

Á árinu 2020 var alls 21 einstaklingur í ótímabundinni vinnu. Karlar voru 10 og konur 11.

Ótímabundin ráðning 2020 - 20 einstaklingar	
Fjöldi einstaklinga metinn samkvæmt starfsgetu	
30% laun	8 einstaklingar
50% laun	6 einstaklingar
70% laun	6 einstaklingar
90% laun	1 einstaklingur

Tafla 16 – Fjöldi einstaklinga í ótímabundinni ráðningu hjá PBI árið 2020

Einstaklingar í starfsendurhæfingu/starfsþjálfun og í ótímabundinni ráðningu fá örorku- eða endurhæfingalífeyri frá TR. Starfsmenn eru félagsmenn í Einingu-Iðju.

Annað starfsfólk

Í árslok 2020 voru alls 14 starfsmenn á PBI í 11,5% stöðugildum. Þetta eru: Forstöðumaður, rekstrarstjóri, iðjuþjálfari/deildarstjóri starfsþjálfunar og fjórir verkstjórar. Þar að auki er flokksstjóri í sal/lager og starfsmaður í afgreiðslu. Í lok ársins í verkamannastöðum eru fimm manns í 3,7 stöðugildum. Af þeim er einn vegna sérstaks atvinnuúrræði og einn er á örorkuvinnusamningi.

Afleiðing af COVID – 19

Þær sóttvarnareglur yfirvalda sem mest höfðu áhrif á starfsemina voru reglur um fjöldatakmörkanir. Reynt var að halda starfseminni áfram eins og hægt var með því að skipta vinnustaðnum upp í svæði og nota fleiri innganga fyrir starfsfólk. Einhverjir þjónustunotendur tóku sér frí, fóru í sjálfskipaða sóttkví meðan smit voru sem flest í þjóðfélaginu og hefur það áhrif á fjölda vinnustunda. Ekki var mikið um nýliðun starfsmanna sökum heimsfaraldursins.

Félagsstarf, fræðsla o.fl.

Á PBI er lögð áhersla á símenntun starfsmanna og eru þeir hvattir til að nýta sér námskeið og fræðslu sem í boði er á vegum Akureyrarbæjar, stéttarfélaga eða hjá Símei og Fjölmennt.

Innleiðing á straumlínustjórnun (LEAN management) hófst á vordögum 2017 og heldur áfram. Tilgangurinn með innleiðingunni er að auka skilvirkni, vinna að stöðugum úrbótum og draga úr sóun. Allir starfsmenn PBI taka þátt í innleiðingunni og hugmyndavinnunni. Unnið er að innleiðingu hugmyndafræðinnar þjónandi leiðsögn, allir starfsmenn hafa fengið kynningu en yfirmenn sækja námskeið.

Öðru hvoru er reynt að brjóta upp hinn hefðbundna vinnudag með ýmsum uppákomum eða góðum veitingum. Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á þessa þætti hjá okkur eins og hjá öðrum og ekki hefur verið um neinar ferðir eða stórar veislur að ræða.

Samstarf

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Undanfarin ár hafa nemendur frá VMA komið til okkar í starfsþjálfun, nemendur frá sérdeildum grunnskóla hafa komið í heimsókn og háskólanemar í þroskaþjálfrafræðum og iðjuþjálfrafræði hafa verið hér í starfsnámi. Þetta datt allt út í ár vegna Covid-19.

Verkefni

Verkefnastaða PBI árið 2020 var góð. Framleiðsla á búfjármerkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug og sala dýfðra kerta svo og útikerta var sú sama og á árinu 2019. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber.

Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjálpræðishernum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

Afkoma

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Raunkostnaður	98.433.044	88.938.612	83.567.37	76.926.109	79.518.104	80.514.750
Lækkun á raunkostnaði frá 2015				-28,67%	-26,29%	25,34%
Áætlun	122.228.00	111.176.39	99.090.00	103.301.00	101.999.000	107.848.000
Mismunur	-23.794.956	-22.237.747	15.522.63	-26.374.891	-22.506.048	-27.333.250
Hlutfall	80,53%	80,00%	84,33%	74,47%	77,9%	74,66%

Tafla 17 – Breytingar á raunkostnaði milli ára

Heildartekjur PBI árið 2020 voru án vsk. að upphæð kr. 132,4 milljónir samanborið við 162,6 milljónir árið 2019. Um er að ræða 18,59 % samdrátt tekna á milli ára. Skýrist það af því að PBI hætti rekstri Endurvinnslunnar í lok árs 2019. Rekstur PBI var 74,66 % af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið 2020 og er heildarkostnaður bæjarins því 80,5 milljónir.